

Sjálfbærnióskir

Upplýsingaskjal um sjálfbærni í fjárfestingum

Nóvember 2024

Þann 1. júní 2023 tóku í gildi ný lög um upplýsingagjöf tengda sjálfbærni, lög nr. 25/2023. Lögin innleiða regluverk fyrir sjálfbær fjármál frá Evrópusambandinu sem kemur til með að auka gagnsæi á fjármálamarkaði fyrir sjálfbærar fjárfestingar. Regluverkið felur m.a. í sér að við hjá Arion banka verðum að **afla upplýsinga um óskir viðskiptavina um sjálfbærni** þegar við veitum eignastýringarþjónustu eða fjárfestingarráðgjöf. Þessar upplýsingar hjálpa okkur að veita þjónustu sem hæfir þér og þínum fjárfestingarmarkmiðum.

Þú getur mótað óskir þínar um sjálfbærni með því að horfa til þriggja mismunandi mælikvarða, þ.e. lágmarkshlutfall „grænna fjárfestinga“, lágmarkshlutfall „sjálfbærra fjárfestinga“ og tillit til helstu neikvæðu áhrifa á umhverfismál, félagsleg mál og aðra sjálfbærniþætti. Við munum biðja þig að fylla út þar til gerðan spurningalista. Ákvarðanir sem við tökum fyrir þína hönd, eða ráðgjöf sem við veitum, miðast svo við svörin sem þar koma fram.

Hafir þú spurningar sem er ósvarað hér að neðan er alltaf hægt að fá nánari upplýsingar frá þínum viðskiptastjóra hjá Arion banka.

Hvað ef ég hef ekki sérstakar óskir um sjálfbærni?

Ef þú hefur ekki sérstakar óskir um sjálfbærni lætur þú okkur vita með því að haka við viðeigandi reit í spurningalistanum. Eignasafn eða ráðgjöf verður þá ekki unnin með hliðsjón af mælikvörðunum þremur. Það þýðir þó ekki að grænar eða sjálfbærar vörur verði útilokaðar frá eignasafninu. Við getum fjárfest í slíkum vörum, eða veitt ráðgjöf, ef þær henta markmiðum þínum og fjárhagsstöðu að öðru leyti.

Nánari upplýsingar um mælikvarðana:

1. Grænar fjárfestingar

Fjárfesting í fjármálagerningi sem er samsettur úr *umhverfislega sjálfbærum fjárfestingum* í samræmi við sérstakt flokkunarkerfi sem Evrópusambandið hefur útbúið. Umhverfislega sjálfbær fjárfesting er skilgreind sem fjárfesting í atvinnustarfsemi sem stuðlar verulega að einu eða fleiri umhverfismarkmiðum. Starfsemin verður að vera stunduð í samræmi við svokallaðar lágmarksverndarráðstafanir og má ekki skaða önnur umhverfismarkmið verulega. Sértek skilyrði fyrir tiltekna tegundir atvinnustarfsemi eru sett í sérstökum tæknilegum matsviðmiðum.

Í stuttu máli: Fjárfesting í vörum sem standast ítarlegar kröfur ESB til umhverfismála.

2. Sjálfbærar fjárfestingar

Fjárfesting í fjármálagerningi sem er samsettur úr *sjálfbærum fjárfestingum*, eins og hugtakið er skilgreint í lögum. Sjálfbær fjárfesting er fjárfesting í atvinnustarfsemi sem stuðlar því að ná settu umhverfismarkmiði eða félagslegu markmiði. Starfsemin verður að vera stunduð í samræmi við góða stjórnarhætti og má ekki skaða önnur markmið umtalsvert. Hugtakið sjálfbær fjárfesting er víðtækara og matskenndara en hugtakið umhverfislega sjálfbær fjárfesting.

Í stuttu máli: Fjárfesting í vörum sem standast matskenndar kröfur sem gerðar eru til umhverfis- eða félagsmála í samræmi við skilgreiningu ESB.

3. Fjárfestingar sem taka tillit til helstu neikvæðu áhrifa á sjálfbærniþætti

Þegar tekið er tillit til helstu neikvæðu áhrifa á sjálfbærniþætti (e. *principal adverse impacts* eða *PAI*) er skoðað hvort viðkomandi fjármálagerningur hafi töluverð neikvæð áhrif á m.a. umhverfis-, félags- og starfsmannatengd mál. Samkvæmt SFDR eru sjálfbærnivísar (e. *PAI indicators*) notaðir til að mæla neikvæð áhrif fjárfestingarákvarðana á sjálfbærniþætti. Sjálfbærnivísar eru m.a. eftirfarandi:

Umhverfismál

- Losun gróðurhúsalofttegunda
- Kolefnisfótspor
- Áhætta gagnvart fyrirtækjum í jarðefnaeldsneytisgeiranum
- Hlutfall óendurnýjanlegra orkugjafa í neyslu og framleiðslu
- Orkunotkun í geirum sem hafa mikil áhrif á loftslagið
- Starfsemi sem hefur neikvæð áhrif á svæði sem eru viðkvæm með tilliti til líffræðilegs fjölbreytileika
- Losun mengandi efna í vatn
- Hlutfall hættulegs úrgangs.

Félagsleg mál og stjórnarhættir

- Brot gegn *UN Global Compact Principles* eða *OECD Guidelines for Multinational Enterprises*
- Skortur á úrræðum til að fylgja *UN Global Compact Principles* og *OECD Guidelines for Multinational Enterprises*
- Óleiðréttur launamunur kynja
- Kynjahlutföll í stjórn
- Áhætta gagnvart umdeildum vopnum (s.s. efnavopnum)

Í stuttu máli: Fjárfestingarákvörðun eða -ráðgjöf tekur tillit til sérstaklega neikvæðra áhrifa á umhverfismál, félagsleg mál og aðra sjálfbærniþætti.

Hvað ef bankinn getur ekki sinnt óskum mínum um sjálfbærni?

Okkur ber alltaf að þjónusta þig í samræmi við fjárfestingarmarkmið þín og fjárhagsstöðu. Við látum þig vita ef óskir þínar um sjálfbærni eru svo metnaðarfullar að við getum ekki boðið upp á þjónustu sem hæfir. Þér verður þá boðið að **aðlaga** sjálfbærnióskir þínar að því vöruframboði sem í boði er. Ef þú kýst að aðlaga ekki óskir þínar um sjálfbærni, getum við því miður ekki veitt þér þjónustu.

Hvernig er tekið tillit til sjálfbærnióska minna í eignastýringu eða ráðgjöf?

Bankinn getur uppfyllt óskir viðskiptavina sinna um hlutfall grænna og sjálfbærra fjárfestinga með nokkrum leiðum. Veljir þú sem viðskiptavinur í eignastýringu „grænar fjárfestingar“ og hakar í kjölfarið við reitinn „miðlungs“, getur bankinn m.a. fjárfest í eftirfarandi fjármálagerningum:

- Skuldabréfum þar sem milli 5-10% af andvirði bréfsins er ráðstafað til verkefna sem teljast vera græn í skilningi flokkunarreglugerðar ESB.
- Hlutabréfum í félagi þar sem milli 5-10% af veltu félagsins kemur frá grænni atvinnustarfsemi.
- Sjóðum þar sem vegið meðaltal grænna fjárfestinga er milli 5- 10% af undirliggjandi fjárfestingum sjóðsins

Við eignastýringu getur bankinn að öðrum kosti m.a. valið að stýra þeim hluta eignasafns þíns sem uppfylla á sjálfbærnióskir á þann veg að fjármálagerningar sem fjárfest er í séu að vegnu meðaltali ekki minna en 5% grænir.

Bankanum er heimilt að fara upp fyrir efri mörk hlutfallsins sem þú velur þegar það samræmist fjárfestingarmarkmiðum þínum að öðru leyti.

Þegar sóst er eftir eignastýringu er viðskiptavinur spurður hve stór hluti af eignasafni hans eigi að uppfylla óskir um sjálfbærni. Velji hann t.d. 50% ber okkur að tryggja að helmingur allra eigna í eignasafninu uppfylli þau skilyrði.

Hvað ef ég vil að litið sé til sjálfbærni en hef ekki skoðun á því hvernig hún endurspeglast í eignasafni eða ráðgjöf?

Ef þú hefur óskir um sjálfbærni, en enga sérstaka skoðun á því *hvernig* tekið er tillit til þeirra, getur þú hakað við viðeigandi valkost í spurningarlistanum. Þá verður viðkomandi hluta eignasafnsins varið í a.m.k. 10-25% sjálfbæra fjármálagerninga. Ef þú hefur ekki skoðun á því hversu stór hluti eignasafnsins skuli fullnægja sjálfbærnióskum fjárfestum við minnst 5% eignasafnsins í a.m.k. 10-25% sjálfbærum fjármálagerningum.

Viðmiðin eru breytileg og viðbúið er að þau hækki eftir því sem framboð sjálfbærra fjárfestinga eykst með tímanum.

Hvað gerist ef ég vel tvo eða fleiri mælikvarða?

Ef þú hakar við tvo eða fleiri mælikvarða í spurningarlistanum göngum við út frá því að óskir þínar nái til fjárfestinga sem uppfylla einhvern þessara valkosta. Ef þú vilt að við leggjum sérstaka áherslu á eina tegund fjárfestinga, umfram aðra, skaltu láta okkur vita. Sama gildir ef þú vilt að fjárfestingar uppfylli alla valkostina sem þú hakar við.

Útgáfa 1.0	Júní 2024
Útgáfa 1.1	September 2024
Útgáfa 1.2	Nóvember 2024